

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 20. febrúar 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Reykjavíkur 1990–2010 með vísun til bréfs ráðuneytisins til borgarstjórnar Reykjavíkur dags. 20. febrúar 1992.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfisráðuneytið, 27. febrúar 1992.

Eiður Guðnason.

Páll Lindal.

28. febrúar 1992

AUGLÝSING

Nr. 92

um aðalskipulag Flateyjar á Breiðafirði 1990–2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 28. febrúar 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Flateyjar á Breiðafirði 1990–2010 með vísun til bréfs ráðuneytisins til sveitarstjórnar Reykhólahrepps dagsettu 28. febrúar 1992.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Reykhólahrepps og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Umhverfisráðuneytið, 28. febrúar 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

2. mars 1992

AUGLÝSING

Nr. 93

um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Hafnar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnar hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 19. febrúar 1992 staðfest breytingu á gildandi aðalskipulagi Hafnar í Hornafirði frá 4. ágúst 1983 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að hluti iðnaðarsvæðis við Dalbraut er gerður að íbúðarsvæði.

Bæjarstjórn Hafnar hefur með yfirlýsingu þann 17. febrúar 1992 tekið að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 2. mars 1992.

F. h. r.
Páll Lindal.

Hrafn Hallgrímsson.